

Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar

Auður D. Kristinsdóttir

Varðar: **Umsókn um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Dalvegi 30.**

Merkúr ehf., lóðarhafi á lóðinni Dalvegi 30, afturkallar hér með áður innsenda umsókn dags. 13.05.2026 um framkvæmdaleyfi vegna breyttrar aðkomu lóðarinnar.

Þess í stað óskar Merkúr ehf. hér með eftir breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Dalvegi 30 í þá veru að aðkoma að lóðinni breytist og við bætist ný 7 metra breið aðkomuleið sem hægri handar inn-/útkeyrsla á Dalveg norðan við byggingarreit nr. 30A á lóðinni.

Samhliða breytist fyrirkomulag bílastæða á lóðinni við byggingarreit nr. 30A.

Röksemd lóðarhafa:

- 1) Í gildandi deiliskipulagi lóðarinnar Dalvegi 30 er kvöð um gegnumakstur að lóðinni Dalvegi 32, þ.e. tvíhliða umferðartenging. Hins vegar kemur fram á samþykktum deiliskipulagsupprætti lóðarinnar Dalvegi 32 frá 2025 að kvöð sé á akstursleið til vesturs – eingöngu til vesturs inná lóðina Dalvegi 30. Þarna er mikið misræmi á ferðinni.
- 2) Þá er ný húsagata að vesturhluta lóðarinnar enn ógerð og sú umferðartenging lóðarinnar Dalvegi 30 er því heldur ekki til staðar nú þegar lóðin er fullbyggð.


Þetta leiðir til þess að Merkúr ehf. er í þeirri stöðu nú að af þeim þremur akstursleiðum sem samkvæmt deiliskipulagi lóðarinnar Dalvegi 30 eru að og frá lóðinni er einungis ein akstursleið virk. Það mun leiða til mikilla umferðartafa fyrir notendur á lóðinni.

Fylgigögn:

1. Tillaga að breyttum deiliskipulagsupprætti lóðarinnar Dalvegi 30.

Reykjavík, 21. maí 2026

F.h. Merkúr ehf.


Merkúr ehf.
Kt. 570407-1120
Gunnar Valur Gíslason, framkvæmdastjóri